



Fjársýsla ríkisins  
launadeild  
Sölvhólgötu 7  
150 RHEYKJAVÍK

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoll 150 Reykjavík  
kennitala: 550169 - 2829  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík 25. júní 2002  
Tilvísun: FJR02060052 / 220 / SVÁ--

Í desember sl. söndu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands f.h. aðildarsamtaka um breytingar á kjarasamningum aðila sem koma skyldu til framkvæmda 1. júlí 2002 að því tilskildu að ekki hefði komið til uppsagnar launaliða kjarasamninga í maí 2002.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að þessar breytingar skuli einnig koma til framkvæmda hjá starfsmönnum ríkisins sem taka laun skv. þeim kjarasamningum sem taldir eru upp síðar í þessu bréfi.

Í breytingunum felast eftirtalin tvö atriði:

### 1. Viðbótarframlag í séreignarsjóð.

Frá og með 1. júlí 2002 tekur gildi sú regla að launagreiðandi greiðir 1% framlag í séreignarsjóð fyrir alla þá launamenn sem nú greiða sjálfir ekkert eða minna en 2% af heildarlaunum. Framlag þetta greiðist til séreignardeildar þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi launamaður á aðild að nema launamaður ákveði annað. Taki launamaður, sem frá 1. júlí á rétt á slíku framlagi, sjálfur að greiða a.m.k. 2% af heildarlaunum í séreignarsjóð síðar, fellur 1% framlagið niður frá sama tíma.

Áfram gildir reglan um 2% mótfamlag gegn a.m.k. 2% viðbótarsparnaði launamanns og leiðir þessi viðbót ekki til hækkanar á því. Framangreind breyting gildir þó ekki í þeim tilvikum að lög- og samningsbundin lífeyrisframlög launagreiðanda eru samtals 7% eða hærri.


### 2. Almenn launahækkun 1. janúar 2003.

Almenn launahækkun 1. janúar 2003 verði 0,4% hærri en ella, þ.e. fyrirhuguð 3% hækjun verður þá 3,4% hækjun.

*Petta gildir um eftirtalin stéttarfélög/eftirtalda kjarasamninga:  
Starfsgreinasamband Íslands  
Alþýðusamband Austurlands (x2)*

Alþýðusamband Norðurlands-vestra/Eining-Iðja  
Alþýðusamband Vestfjarða  
Efling-stéttarfélag  
Verkalýðsfélag Akraness  
Verkalýðsfélag Húsavíkur  
Verkalýð- og sjómannafélag Keflavíkur og Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Verkalýðsfélagið Báran-Þór  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Samiðn  
Rafiðnaðarsamband Íslands  
Múrarafélag Reykjavíkur og Sveinafélag pípulagningamanna  
Verkstjórasamband Íslands  
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan  
Félag íslenskra skipsstjórmarmanna og Félag matreiðslumanna  
Matsveinafélag Íslands  
Sjómannafélag Reykjavíkur (x2)  
Vélstjórafélag Íslands (x2)  
Flugvirkjafélag Íslands

F.h.r.



Gunnar Björnsson / Sigrún V. Ásgeirsdóttir